

Fundur samstarfsnefndar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Félagsráðgjafafélags Íslands 18.09.2013 um útfærslu á grein 4:3 í stofnanasamningi HH og FÍ byggt á niðurstöðum vinnuhóps HH og FÍ.


**Útfærsla á grein 4.3 í stofnanasamningi félagsins við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.**

Heimilt er að hækka starfsmann í starfaflokkum II-IV um allt að tvö álagsþrep ef hann/starfið uppfyllir neðangreindar forsendur, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra við grunnröðun og ekki greitt fyrir með öðrum hætti. Ganga þarf frá hækkunum formlega með beiðni til mannauðsstjóra HH, sem metur í samráði við næsta yfirmann hvort starfsmaður/starfið uppfylli neðangreind skilyrði og hvort hækkun skuli miðast við eitt eða tvö þrep.

- Starfsmanni, samkvæmt ákvörðun næsta yfirmanns og framkvæmdastjóra lækninga, er falið að stýra þremur eða fleiri þverfaglegum teyimum samhliða klínísku starfi.
- Starfsmaður, samkvæmt ákvörðun næsta yfirmanns og framkvæmdastjóra lækninga, stýrir föstu og reglubundnu samstarfi/teymisvinnu með stofnunum utan HH, sem eru utan hefðbundins starfssviðs viðkomandi.
- Starfsmanni, samkvæmt ákvörðun næsta yfirmanns og framkvæmdastjóra lækninga, er falin umsjón með stærri viðvarandi verkefnum, sem eru utan hefðbundins starfssviðs viðkomandi. Fyrir skal liggja verkefnisáætlun og tímarammi verkefnis.

Reykjavík, 18.09.2013

Fyrir hönd Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins



Fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands

